

Breytingartillaga stjórnar við 13. dagskrárlið um reglulega birtingu fjárfestingaáætlunar:

Tillaga: „Aðalfundur Sýnar hf. ályktar að félagið innleiði verklag þar sem fjárfestingaáætlun þess, að undanskildum viðskiptalega viðkvæmum upplýsingum, verði birt opinberlega árlega.“

Greinargerð:

Með birtingu fjárfestingaáætlunar fá hluthafar og fjárfestar betri yfirsýn yfir framtíðaráætlanir félagsins og stefnu þess í fjárfestingum, auk þess sem stjórnendur fá traustari forsendur til ákvörðunartöku.

Öllu jöfnu verði fjárfestingaáætlun gefin út samhliða horfum félagsins, en ársfjórðungsleg upplýsingagjöf hvað þetta varðar myndi íþyngja félaginu óþarflega. Þá þyrfti að undanskilja af samkeppnisástæðum viðskiptalega viðkvæmar upplýsingar, svo sem efniskaup á Enska boltanum.